

Föstudaginn 23. júní 2000.

Nr. 242/2000.

K

(Einar Gautur Steingrímsson hrl.)

gegn

M

(Jón Egilsson hdl.)

Kærumál. Málskostnaður.

Úrskurður héraðsdóms um að fella niður málskostnað í máli, sem var að öðru leyti lokið með dómsátt, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. júní 2000, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 31. maí 2000, þar sem kveðið var á um málskostnað í máli varnaraðila gegn sóknaraðila, sem var að öðru leyti lokið með dómsátt. Kæruheimild er í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða sér málskostnað í héraði.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur. Er rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 31. maí 2000.

Mál þetta, sem hinn 25. þ.m. var tekið til úrskurðar um ákvörðun málskostnaðar, sbr. seinni másl. 2. mgr. 108. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, er höfðað með stefnu birtri 25. ágúst 1999 af M, [...], á hendur K, [...].

Aðilar málsins kynntust vorið 1996 og stofnuðu til hjúskapar í september 1998. Þau slitu samvistum í apríl 1999. Saman eignuðust þau eitt barn, A, sem

stefnda ól [...] 1997. Hinn 17. maí 1999 mætti stefnda á skrifstofu sýslumannsins í Kópavogi og fór fram á það að henni yrði veittur skilnaður að borði og sæng á grundvelli 33. og 34. gr. laga nr. 31/1992. Þá krafðist hún þess að hún fengi forsjá barns hennar og stefnanda. Stefnandi mætti hjá sýslumanni 14. júní 1999. Var þar bókað eftir honum að hann féllist ekki á skilnað að svo stöddu. Höfðaði hann mál þetta 25. ágúst 1999 vegna ágreinings aðila um skipan forsjár barns þeirra. Krafðist hann þess að sér yrði dæmd forsjá barnsins. Stefnanda tók til varna í málinu og krafðist í greinargerð sýknu af kröfum stefnanda og að forsjáin yrði falin henni. Undir rekstri málsins gerðu aðilar kröfu til þess að kveðið yrði á um skipan forsjár til bráðabirgða, sbr. 36. gr. barnalaga nr. 20/1992. Gekk úrskurður þar um 4. nóvember 1999. Samkvæmt honum skyldi stefnda hafa forsjá barnsins A til bráðabirgða og þar til annað yrði ákveðið. Í sama þinghaldi ákvað dómari að aflað yrði sérfræðilegrar álitsgerðar um hæfni málsaðila til að fara með forsjá barns síns, félagslegar aðstæður þeirra og tengsl barnsins við þau. Álitsgerð sálfræðinganna Álfheiðar Steinþórsdóttur og Odda Erlingssonar barst héraðsdómi 10. þ.m. Á dómþingi í málinu 25. þ.m. tókst sátt á milli málsaðila. Samkvæmt henni skal forsjáin vera hjá stefndu. Þá hafa málsaðilar hinn 11. febrúar sl. gert með sér ítarlegt samkomulag um umgengnisrétt, en ágreiningur hafði staðið um hann allt frá því í ágúst á síðasta ári.

Framangreind dómsátt nær ekki til málskostnaðarþáttar málsins. Í þinghaldi 25. þ.m. féll stefnandi frá málskostnaðarkröfu sinni. Stefnanda krefst hins vegar málskostnaður og álags á hann úr hendi stefnanda. Var málið að því leyti tekið til úrskurðar, sbr. seinni málslið 2. mgr. 108. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þegar málið var höfðað hafði stefnda neitað óskum stefnanda um umgengni við barn þeirra. Stóð svo allt þar til framangreindur samningur um umgengnisrétt var gerður. Í kjölfar þess samnings og þegar álitsgerð tveggja sálfræðinga, sem vísað er til hér að framan, lá fyrir náðist samkomulag um forsjána. Samkvæmt þessu og að virtum málsatvikum að öðru leyti þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Kostnaður vegna gagnaöflunar undir rekstri málsins, sbr. 3. mgr. 60. gr. barnalaga nr. 20/1992, skal greiddur úr ríkissjóði, en hann nemur 346.500 krónum.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Málskostnaður fellur niður.